

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Fjarðabyggð Heydalamelum



<b>Dags eftirlits</b>	22.11.2022	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Freyr Ævarsson
<b>Fyrirtæki</b>	Fjarðabyggð	<b>Eftirlitsmaður</b>	Freyr Ævarsson
<b>Heimili</b>	Hafnargötu 2	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4801690779	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Íris Dögg Aradóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu, það varðar að niðurstöðum skráninga var ekki skilað á tilskildum tíma. Ein ábending, varðandi endanlegan frágang, var sett fram í eftirlitinu. Frávik sem skráð var í lokunareftirliti árið 2021, og varðar frágang á urðunarstaðnum, var opið þegar eftirlitið fór fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn vegna reglubundins eftirlits á urðunarstað Fjarðabyggðar, Heydalamelum í Breiðdal.

Starfsleyfi urðunarstaðarins rann út þann 1. júlí 2018. Lokunaráætlun var lögð fram þann 10. mars 2019 og fyrirmæli um frágang og vöktun voru gefin út þann 20. október 2020.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- 2) Skoðunarferð

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Niðurstöðum skráninga skv. gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun, hefur ekki verið skilað. Skila á skráningum fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

- 2) Skoðunarferð

Gengið var um urðunarstaðinn sem er að mestu leyti snyrtilegur og frágenginn. Nokkuð er af malarhaugum á svæðinu, sennilega uppgreftri úr gryfjum, sem mætti t.d. nota til frágangs á urðunarstaðnum.

Nokkur úrgangur er sýnilegur í eða á yfirborði, en við endanlegan frágang skal hylja úrgang með a.m.k. eins metra þykku jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun Niðurstöður skráninga sem átti að skila fyrir 1. maí 2022, hafa ekki borist eftirlitsaðila.






## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að endanlegur frágangur skal falla sem best að landslaginu. Malarhaugar á svæðinu stinga nokkuð í stúf við umhverfið.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.12.2022

  
Freyr Evarsson

